

Stuðningsyfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands við umsagnir samtaka og hreyfinga vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd)

Stúdentaráð Háskóla Íslands tekur undir með umsögnum Rauða krossins á Íslandi, UNICEF á Íslandi, Barnaheilla, Landssamtaka Þroskahjálpar, Kennarasambands Íslands, Kvenréttindafélags Íslands og Amnesty International vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd). Þá tekur ráðið einnig undir með umsögnum Claudia & Partners, Önnu Kristínar B. Jóhannesdóttur hjúkrunarfræðings og aðjúkts sem og Mörtu Jóns Hjördísardóttur hjúkrunarfræðings.

Lagðar eru fram athugasemdir við frumvarpið af ofangreindum umsagnaraðilum um alvarleg inngríp og takmarkanir á grundvallarréttindum flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Þá er vert að taka fram að um er að ræða frumvarp sem flutt var á 149. löggjafarþingi og endurflutt 150., og 151. löggjafarþingi og var í öll þau skipti talin ástæða til að gera athugasemdir við.

Þær hreyfingar, samtök og sérfræðingar sem fordæmt hafa innihald frumvarpsins búa yfir afgerandi sérfræðipækkingu á málefnum flóttafólks og umsækjendum um alþjóðlega vernd, og öðrum tengdum málaflokkum. Vegna þessa er óumdeilanlegt að afstaða þeirra og sérfræðiálit skiptir höfuðmáli. Markmið frumvarpsins um aukið gagnsæi í málaferlum umsækjenda og skilvirkni til bóta er villandi og boðar frumvarpið þess í stað óvissu fyrir fólk á flóttu. Nái frumvarpið fram að ganga er hætta á að þrengt sé enn frekar að möguleikum fólks til að fá vernd héraðs og grafið sé þannig undan mannréttindum þeirra með markvissum og meðvituðum hætti.

Stúdentaráð er mótfallið hvers konar aðgerðum er skapa óréttlæti í garð viðkvæmra hópa samfélagsins. Það á að vera venja frekar en undantekning að taka á móti og búa vel um fólk sem sest hér að og auðgar samfélagið okkar svo um munar. Það er t.a.m. skýrt markmið og einlægur vilji stúdentahreyfingana að háskólasamfélagið okkar stuðli enn frekar að jöfnuði og gagnkvæmri virðingu meðal fjölbreyttra hópa nemenda og starfsfólks. Stúdentaráð hvetur íslensk stjórnvöld til að virða þá alþjóðlega mannréttinasáttmála sem Ísland hefur skuldbundið sig til að fylgja og sýna mannúð í verki með því að tryggja sanngjarna málsmeðferð og grundvallarþjónustu flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.